

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/64/01		Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um niðurfellingu eða lækun sekta í málum er varða ólögmaett samráð fyrirtækja	1
2009/EES/64/02		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Noregur).....	9
2009/EES/64/03		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (Ísland)	10
2009/EES/64/04		Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-ríkjum; vextirnir gilda frá 1. ágúst 2009.....	11
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/64/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5579 – TLP/ Ermewa)	12
2009/EES/64/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5611 – Agilent/ Varian).....	13
2009/EES/64/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5668 – Safran/ SIA/Safran Electronics Asia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14

2009/EES/64/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5680 – Faurecia/Emcon Technologies)	15
2009/EES/64/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5711 – RWE/Ensys)	16
2009/EES/64/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5719 – Oaktree/SGD) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2009/EES/64/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5640 – SCF/AIG Bank/AIG Credit)	18
2009/EES/64/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5647 – Advent/GFKL)	18
2009/EES/64/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5512 – Electrabel/E.ON)	19
2009/EES/64/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5591 – CEZB/JAVYS/JESS JV)	19
2009/EES/64/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5620 – Volkswagen Financial Services/Møllergruppen/JV)	20
2009/EES/64/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5621 – Univeg/Ciccolella/Subsidiaries of Univeg)	20
2009/EES/64/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5626 – Adecco/Spring)	21
2009/EES/64/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5631 – Symboled/Zumtobel/Ledon OLED JV)	21
2009/EES/64/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5645 – CPI CEE/Gazit Midas/Atrium European Real Estate)	22
2009/EES/64/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5646 – PH LLP/BidCo/Just Retirement)	22
2009/EES/64/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5653 – GDA/Furukawa-Sky/Mitsui/JV)	23
2009/EES/64/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5663 – Avio/SECI-E/JV)	23
2009/EES/64/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5665 – CD&R/CMH/JDHI)	24
2009/EES/64/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5683 – Brookfield/BBI/DBCT)	24
2009/EES/64/25	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (breyttar) (Bretland)	25

2009/EES/64/26	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir (Bretland)	25
2009/EES/64/27	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Ítalía)	26
2009/EES/64/28	Tilkynning stjórnvalda í Rúmeníu með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	26
2009/EES/64/29	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. október 2009 til 31. október 2009	26
2009/EES/64/30	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/23/EB frá 29. maí 1997 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað	27

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

TILKYNNING EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2009/EES/64/01

um niðurfellingu eða lækun sekta í málum er varða ólögmaett samráð fyrirtækja

A. Tilkynningin, sem hér birtist, er gefin út í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópskt efnahags-svæði (er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir) og samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (er nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir).

B. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur gefið út tilkynningu með yfirskriftinni „Tilkynning um niðurfellingu eða lækun sekta í málum er varða ólögmaett samráð fyrirtækja“ ⁽¹⁾. Í þeirri gerð, sem er ekki bindandi, er lýst þeim reglum sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna fer eftir að því er varðar niðurfellingu eða lækun sekta í málum sem tekin eru til meðferðar samkvæmt 81. gr. EB-sáttmálans og/ eða 53. gr. EES-samningsins ⁽²⁾.

C. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að ofangreind gerð varði Evrópska efnahagssvæðið. Stofnunin gefur út tilkynninguna, sem hér birtist, í því skyni að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja að samkeppnisreglum EES-samningsins sé beitt með sama hætti alstaðar á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Byggt er á valdheimildum stofnunarinnar samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Stofnunin mun fylgja þeim sjónarmiðum og reglum, sem mælt er fyrir um í þessari tilkynningu, þegar hún beitir viðeigandi EES-reglum í hverju tilteknu máli.

D. Tilkynning þessi kemur í stað tilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA frá árinu 2003 um niðurfellingu eða lækun sekta í málum er varða ólögmaett samráð fyrirtækja ⁽³⁾.

I. INNGANGUR

- 1) Í þessari tilkynningu er því lýst hvernig fyrirtækjum, sem eiga eða hafa átt aðild að leynilegu ólögmaetu samráði sem hefur áhrif á Evrópska efnahagssvæðinu, verður umbunað fyrir samstarf í tengslum við rannsókn á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA. Með ólögmaetu samráði er átt við samninga og/eða samstilltar aðgerðir tveggja eða fleiri keppnauta sem hafa það að markmiði að samhæfa samkeppnishegðun þeirra á markaði og/eða hafa áhrif á tiltekna samkeppnishætti með aðgerðum á borð við samráð um kaup- eða söluverð eða önnur atriði viðskipta, úthlutun framleiðslu- eða sölukvóta, markaðsskiptingu, til að mynda með samráði um tilboðsgerð, hömlur á innflutningi eða útflutningi og/eða aðgerðir til að takmarka samkeppni frá öðrum keppnautum. Aðgerðir af þessu tagi eru með alvarlegustu brotum á ákvæðum 53. gr. EES-samningsins.
- 2) Þegar fyrirtæki takmarka á óeðlilegan hátt samkeppni sem að öðrum kosti myndi ríkja milli þeirra koma þau sér hjá einmitt þeim þrýstingi sem hvetur þau til nýsköpunar, bæði á sviði vöruþróunar og upptöku skilvirkari framleiðsluaðferða. Aðgerðir sem þessar valda einnig hækkun á verði hráefna og íhluta sem fyrirtæki á EES kaupa af viðkomandi framleiðendum. Þegar fram í sækir valda þær óeðlilegri verðmyndun og minna úrvali fyrir neytendur. Til lengri tíma litið leiða þær til skertrar samkeppnishæfni og færri atvinnutækifæra.
- 3) Eðli málsins samkvæmt eru oft tormerki á að koma upp um og rannsaka leynilegt ólögmaett samráð nema með samstarfi við fyrirtæki eða einstaklinga sem eiga í hlut. Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að það sé hafgellt fyrir Evrópska efnahagssvæðið að umbuna fyrirtækjum sem taka þátt í

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 298, 8.12.2006, bls. 17.

⁽²⁾ Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skipta með sér lögsögu í einstökum málum, sem falla undir ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 56. gr. EES-samningsins. Tiltekið mál getur aðeins fallið undir lögsögu annarrar stofnunarinnar.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 10, 16.1.2003, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 3, 16.1.2003, bls. 1.

ólöglegu athæfi af þessu tagi og eru reiðubúin að draga sig út úr því og hefja samstarf við stofnunina í tengslum við rannsókn hennar óháð öðrum fyrirtækjum sem eiga aðild að samráðinu. Hagsmunir neytenda og almennings af því að komið sé upp um leynilegt samráð fyrirtækja og þeim refsað fyrir það veða þyngra en hagsmunir af því að sekta þau fyrirtæki sem gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að koma upp um og hindra slíkt athæfi.

- 4) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að samstarf við fyrirtæki um að koma upp um ólöglegt samráð hafi gildi í sjálfu sér. Upplýsingar, sem ráða úrslitum um að rannsókn er hafin eða að upp kemst um brot, geta réttlætt að viðkomandi fyrirtæki sé með öllu hlíft við sektargreiðslum, enda sé tilteknum öðrum skilyrðum einnig fullnægt.
- 5) Þá getur samstarf af hálfu eins eða fleiri fyrirtækja réttlætt að Eftirlitsstofnun EFTA lækki sektargreiðslu. Lækkun sektar verður jafnan að endurspegla að hvaða marki fyrirtækið hefur í raun stuðlað að því að Eftirlitsstofnun EFTA gæti staðreynt brotið, þ.e. hversu mikilvægt það framlag er og hvenær það kemur fram. Slíka lækkun skal einskorða við fyrirtæki sem leggja stofnuninni til sönnunargögn sem hafa umtalsvert gildi umfram þær sem hún hefur þegar undir höndum.
- 6) Auk þess að leggja fram skjöl, sem þegar liggja fyrir, geta fyrirtæki afhent Eftirlitsstofnun EFTA að eigin frumkvæði greinargerðir sem teknar eru saman sérstaklega til afhendingar samkvæmt þessum reglum um ívilnandi meðferð og lúta að vitneskju þeirra um ólöglegt samráð og hlutverki þeirra sjálfra í því. Frumkvæði af þessu tagi hefur reynst gagnlegt á þann hátt að rannsóknir á ólöglegu samráði verða skilvirkari og auðveldara er að stöðva slíkt brot, og mega einkaréttarlegar kröfur um framlagningu sönnunargagna ekki verða til þess að draga úr hvata til slíks frumkvæðis. Það getur fælt fyrirtæki, sem hugsast gæti að sæktu um ívilnandi meðferð, frá samstarfi við Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt ákvæðum þessarar tilkynningar ef slíkt samstarf er til þess fallið að spilla stöðu þeirra í einkamáli gagnvart fyrirtækjum sem ganga ekki til samstarfs. Óæskileg áhrif af því tagi myndu skaða mjög þá almannahagsmuni að tryggja skilvirka opinbera framkvæmd á ákvæðum 53. gr. EES-samningsins í málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja og þar með einnig skilvirka framkvæmd þeirra í einkamálum sem rekin eru í kjölfarið eða samhliða.
- 7) Eftirlitshlutverkið, sem Eftirlitsstofnun EFTA er falið í EES-samningnum⁽⁴⁾ þegar kemur að samkeppnismálum, tekur ekki aðeins til þeirrar skyldu að rannsaka einstök brot og refsa fyrir þau, heldur einnig þeirrar skyldu að fylgja eftir almennum stefnumiðum. Þó að greinargerðir félaga séu látar njóta verndar í þágu almannahagsmuna hindrar það ekki að þær séu afhentar öðrum viðtakendum andmælagreinargerðarinnar í þeim tilgangi að vernda rétt þeirra til að halda uppi vörnum í tengslum við rannsókn máls á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA, að því leyti sem unnt er að gæta hvorra tveggja hagsmunanna með því að veita eingöngu aðgang að greinargerðum félaga í húsakynnum stofnunarinnar og þá að jafnaði í aðeins eitt skipti í kjölfar þess að andmælin eru tilkynnt formlega.

II. NIÐURFELLING SEKTA

A. Skilyrði fyrir hugsanlegri niðurfellingu sekta

- 8) Þegar fyrirtæki upplýsir um þátttöku sína í meintu ólöglegu samráði sem hefur áhrif á Evrópska efnahagssvæðinu mun Eftirlitsstofnun EFTA fella niður sektir sem fyrirtækinu hefði ella verið gert að greiða ef það er fyrst til að leggja fram upplýsingar og sönnunargögn sem stofnunin telur að muni nýtast til að
 - a) láta fara fram markvissa athugun á meintu ólöglegu samráði⁽⁵⁾ eða
 - b) leiða í ljós brot á ákvæðum 53. gr. EES-samningsins í tengslum við meint samráð.
- 9) Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti látið fara fram markvissa athugun í skilningi staflíðar a) í 8. mgr. verður fyrirtækið að láta stofnuninni í té þær eftirtaldar upplýsingar og sönnunargögn, enda sé ekki hætt á að það trufli gang athugunarinnar að áliti stofnunarinnar:

⁽⁴⁾ Eftirlitsstofnun EFTA deilir þessari ábyrgð með framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna samkvæmt ákvæðum 55. og 56. gr. EES-samningsins.

⁽⁵⁾ Mat á því hvaða upplýsingar eru fullnægjandi verður að fara fram á fyrirframákveðnum forsendum, þ.e. án tillits til þess hvort tiltekin athugun hefur borið árangur eða hvort athugun hefur átt sér stað. Matið verður byggt einvörðungu á því hvers eðlis þær upplýsingar eru sem umsækjandi leggur fram og hvert gildi þeirra er.

- a) Greinargerð félags ⁽⁶⁾ sem hefur að geyma eftirtaldir upplýsingar, að því leyti sem umsækjandi hefur vitneskju um þær þegar greinargerðin er lögð fram:
- Ítarlega lýsingu á hinu meinta ólögmeta samráði, meðal annars að því er varðar markmið, starfsemi og tilhögun, vöru eða þjónustu sem um ræðir, landsvæði sem meint samráð tekur til, hversu lengi það hefur staðið og áætlað umfang markaðarins sem samráðið hefur áhrif á, tímasetningu, staðsetningu, efni og aðila meintra samskipta um ólögmett samráð og allar skýringar sem geta skipt máli um sönnunargögnin sem lögð eru fram til stuðnings umsókninni.
 - Heiti og pósthöfundur lögaðilans sem sækir um niðurfellingu sektar ásamt nöfnum og pósthöfundum allra annarra fyrirtækja sem taka eða tóku þátt í hinu meinta ólögmeta samráði.
 - Nafn, starfsheiti, starfstöð og, ef þörf er á, heimilisfang allra einstaklinga sem umsækjanda er kunnugt um að taki eða hafi tekið þátt í hinu meinta ólögmeta samráði, að meðtöldum þeim sem hafa gert það á vegum umsækjanda.
 - Upplýsingar um til hvaða samkeppnisfyrivalda annarra, á Evrópska efnahagssvæðinu eða utan þess, leitað hefur verið eða fyrirhugað er að leita í tengslum við hið meinta ólögmeta samráð.
- b) Önnur gögn sem varða meint samráð og umsækjandi hefur undir höndum eða á aðgang að um það leyti sem umsóknin er lögð fram, og þá einkum gögn frá því tímabili sem brotið átti sér stað.
- 10) Sektir verða ekki felldar niður á grundvelli ákvæða staflíðar a) í 8. mgr. ef þannig háttar til þegar umsóknin berst að Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar nægileg sönnunargögn undir höndum til að taka ákvörðun um að hefja athugun á hinu meinta ólögmeta samráði eða slíkri athugun er þegar lokið.
- 11) Sektir verða því aðeins felldar niður á grundvelli ákvæða staflíðar b) í 8. mgr. að fullnægt sé báðum eftirtöldum skilyrðum: að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki haft, þegar gögnin voru lögð fram, nægilegar sannanir fyrir broti á ákvæðum 53. gr. EES-samningsins í tengslum við hið meinta ólögmeta samráð og að ekkert fyrirtæki hafi áður fengið sektir niðurfelldar með skilyrðum á grundvelli ákvæða staflíðar a) í 8. mgr. í tengslum við hið meinta samráð. Til þess að fyrirtæki geti öðlast rétt til niðurfellingar verður það fyrst að leggja fram samtímagögn sem sýna fram á sekt ásamt greinargerð félags með upplýsingum af því tagi sem greinir í staflíð a) í 9. mgr. sem geta nýst stofnuninni til að sannreyna að brotið hafi verið gegn ákvæðum 53. gr. EES-samningsins.
- 12) Auk þeirra skilyrða, sem sett eru í staflíð a) í 8. mgr., 9. mgr. og 10. gr. eða í staflíð b) í 8. mgr. og 11. mgr., verður fyrirtæki að fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum til þess að öðlast rétt til niðurfellingar sektar:
- a) Fyrirtækið verður að sinna samstarfinu af heilindum ⁽⁷⁾, að fullu og með samfelldum og greiðum hætti frá því að umsókn þess er lögð fram og til loka málsmeðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Þetta felur í sér eftirfarandi:
- Fyrirtækið skal láta Eftirlitsstofnun EFTA greiðlega í té allar upplýsingar og sönnunargögn sem máli skipta um meint samráð og fyrirtækið hefur undir höndum eða á aðgang að.
 - Fyrirtækið skal vera stofnuninni innan handar og bregðast greiðlega við hverri þeirri fyrirspurn sem getur orðið til þess að málsatvik skýrist.
 - Fyrirtækið skal gera stofnuninni kleift að ræða við núverandi (og, ef því verður við komið, fyrrverandi) starfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins.

⁽⁶⁾ Greinargerðir fyrirtækja geta verið skrifuð skjöl með undirskrift fyrirtækis eða fulltrúa þess eða munnlegar yfirlýsingar.

⁽⁷⁾ Þetta felur einkum í sér að umsækjandi leggi fram upplýsingar sem eru réttar og ekki villandi eða ófullkomnar. Sbr. dóm Evrópudómstólsins frá 29. júní 2006 í máli C-301/04 P, *Framkvæmdastjórn gegn SGL Carbon AG o.fl.*, 68.–70. mgr., og dóm Evrópudómstólsins frá 28. júní 2005 í máli C-189/02 P, C-202/02 P, C-205/02 P, C-208/02 P og C-213/02 P, *Dansk Rørindustri A/S o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, 395.–399. mgr. Í 6. gr. EES-samningsins er kveðið á um að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni beri við framkvæmd og beitingu ákvæða EES-samningsins að túlka þau ákvæði, sem séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Evrópubandalagsins og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála, í samræmi við þá dóma Dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag EES-samningsins. Af ákvæðum 2. mgr. 3. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól leiðir að Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum ber að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í viðkomandi dómum Dómstóls Evrópubandalaganna sem kveðnir eru upp eftir undirritunardag EES-samningsins.

- Fyrirtækið má ekki eyða, spilla eða leyna upplýsingum eða sönnunargögnum sem máli skipta um meint samráð.
 - Fyrirtækið má ekkert láta uppi um umsóknina eða efni hennar fyrr en Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út andmælagreinargerð í málinu, nema samkomulag sé um annað.
- b) Fyrirtækið verður að binda enda á þátttöku sína í meintu samráði í beinu framhaldi af umsókninni, nema að því leyti sem Eftirlitsstofnun EFTA telur nauðsynlegt til að tryggja að rannsóknin spillist ekki.
- c) Við undirbúning umsóknarinnar til Eftirlitsstofnunar EFTA má fyrirtækið hvorki hafa eytt, spillt eða leynt upplýsingum um meint samráð né látið uppi um fyrirhugaða umsókn eða efni hennar, nema við önnur samkeppnisyfirvöld.
- 13) Hafi fyrirtæki gert ráðstafanir til að þvinga önnur fyrirtæki til að hefja eða halda áfram þátttöku í samráðinu getur það ekki öðlast rétt til niðurfellingar sekta. Það getur þó átt kost á lækkun sekta ef það fer að öllum viðkomandi kröfum og fullnægir öllum skilyrðum fyrir slíkri niðurfellingu.

B. Málsmeðferð

- 14) Ef fyrirtæki hyggst sækja um niðurfellingu sekta ber því að leita til samkeppnis- og ríkisaðstoðarskrifstofu Eftirlitsstofnunar EFTA. Fyrirtækið getur annaðhvort sótt fyrst um skráningu umsóknar eða lagt þegar fram formlega umsókn til stofnunarinnar um niðurfellingu sekta með það fyrir augum að fullnægja skilyrðum staflidar a) eða staflidar b) í 8. mgr., eftir því sem við á. Stofnunin getur ákveðið að ekki skuli teknar til greina umsóknir um niðurfellingu sekta sem koma fram eftir að andmælagreinargerðin er gefin út.
- 15) Eftirlitsstofnun EFTA getur fallist á skráningu umsóknar, sem tryggir umsækjanda um niðurfellingu þá sæti í biðröðinni um tiltekinn tíma sem er ákveðinn í hverju einstöku tilviki, til þess að gefa ráðrúm til öflunar nauðsynlegra upplýsinga og sönnunargagna. Til þess að tryggja sér slíka skráningu verður umsækjandi að láta Eftirlitsstofnun EFTA í té nafn sitt og pósthfang ásamt upplýsingum um þátttakendur í meintu samráði, hvaða vörur og landsvæði samráðið snertir, hversu lengi samráðið er talið hafa staðið og hvers eðlis samráðið er. Umsækjanda ber einnig að greina stofnuninni frá umsóknum um niðurfellingu sem hann hefur lagt fram eða hefur til athugunar að leggja fram hjá öðrum yfirvöldum í tengslum við hið meinta samráð og tilgreina gildar ástæður fyrir ósk um skráningu. Ef skráning er samþykkt gefur Eftirlitsstofnun EFTA umsækjanda tiltekinn frest til að fylgja skráningunni eftir með því að leggja fram þær upplýsingar og þau sönnunargögn sem þörf er á til að fullnægja viðkomandi lágmarkskröfum fyrir niðurfellingu. Fyrirtæki, sem hafa fengið umsókn skráða, geta ekki fylgt henni eftir með því að leggja fram formlega umsókn með fyrirvara um að gögn verði lögð fram síðar. Ef umsækjandi fylgir skráningunni eftir áður en frestur Eftirlitsstofnunar EFTA rennur út teljast framlagðar upplýsingar og sönnunargögn hafa borist daginn sem umsóknin var skráð.
- 16) Þegar fyrirtæki sækir formlega um niðurfellingu til Eftirlitsstofnunar EFTA verður það:
- a) að láta stofnuninni í té allar upplýsingar og öll sönnunargögn sem varða hið meinta samráð og tiltæk eru, í samræmi við ákvæði 8. og 9. mgr., að meðtöldum greinargerðum félaga, eða
 - b) greina frá því með fyrirvara að þessar upplýsingar og sönnunargögn verði lögð fram, en þá verður fyrirtækið að leggja fram skrá með ítarlegri lýsingu á þeim sönnunargögnum sem það hyggst leggja fram síðar samkvæmt samkomulagi þess efnis. Í skránni ber að lýsa skilmerkilega eðli og efnisatriðum sönnunargagnanna þó að haldið sé fast við fyrirvarann um hvort þau verði afhent. Nota má afrit skjala, án þeirra kafla sem fara eiga leynt, til að gefa hugmynd um eðli og efnisatriði sönnunargagnanna. Ekki þarf að tilgreina heiti fyrirtækisins sem leggur umsóknina fram, eða annarra fyrirtækja sem taka þátt í hinu meinta samráði, fyrr en sönnunargögnin, sem lýst er í umsókninni, eru lögð fram. Aftur á móti verður að koma skýrt fram hvaða vara eða þjónusta hið meinta samráð snýst um, hvaða landsvæði það snertir og hversu lengi talið er að það hafi staðið.

- 17) Ef óskað er mun samkeppnis- og ríkisaðstoðarskrifstofa Eftirlitsstofnunar EFTA afhenda fyrirtækinu kvittun fyrir móttöku umsóknar um niðurfellingu sekta til staðfestingar á dagsetningu umsóknarinnar, auk tímasetningar þar sem það á við.
- 18) Um leið og Eftirlitsstofnun EFTA hefur fengið í hendur þær upplýsingar og þau sönnunargögn sem fyrirtækið leggur fram á grundvelli ákvæða staflíðar a) í 16. mgr., og gengið úr skugga um að fullnægt sé skilyrðunum sem sett eru í staflíð a) eða staflíð b) í 8. mgr., eftir því sem við á, sendir stofnunin fyrirtækinu skriflega staðfestingu á skilyrtri niðurfellingu sekta.
- 19) Hafi fyrirtækið greint frá því með fyrirvara að tiltekna upplýsingar og tiltekin sönnunargögn verði lögð fram mun Eftirlitsstofnun EFTA ganga úr skugga um að eðli og efnisatriði sönnunargagnanna, sem lýst er í skránni sem um getur í staflíð b) í 16. mgr., fullnægi skilyrðunum sem sett eru í staflíð a) eða b) í 8. mgr., eftir því sem við á, og greina fyrirtækinu frá niðurstöðu sinni. Ef sönnunargögnin hafa verið afhent eigi síðar en umsaminn dag og gengið hefur verið úr skugga um að þau séu í samræmi við lýsinguna í skránni sendir stofnunin fyrirtækinu skriflega staðfestingu á skilyrtri niðurfellingu sekta.
- 20) Ef ljóst þykir að ekki sé unnt að fella niður sektir eða fyrirtækinu tekst ekki að fullnægja skilyrðunum sem sett eru í staflíð a) eða b) í 8. mgr., eftir því sem við á, mun Eftirlitsstofnun EFTA gera fyrirtækinu grein fyrir því skriflega. Í slíkum tilvikum er fyrirtækinu heimilt að afturkalla sönnunargögnin sem lögð hafa verið fram til stuðnings umsókn um niðurfellingu, eða fara þess á leit að stofnunin taki þau til greina á grundvelli III. hluta þessarar tilkynningar. Þetta hamlar því ekki að stofnunin nýti venjulegar rannsóknarheimildir sínar til þess að nálgast upplýsingarnar.
- 21) Eftirlitsstofnun EFTA mun ekki taka aðrar umsóknir um niðurfellingu sekta til greina fyrr en afstaða hefur verið tekin til fyrirbyggjandi umsóknar í tengslum við sama meinta brot, óháð því hvort umsóknin er lögð fram formlega eða sem ósk um skráningu umsóknar.
- 22) Ef fyrirtækið fullnægir við lok málsmeðferðarinnar þeim skilyrðum sem sett eru í 12. mgr. fellir Eftirlitsstofnun EFTA niður sektir á hendur fyrirtækinu í viðkomandi ákvörðun. Ef fyrirtækið fullnægir ekki við lok málsmeðferðarinnar þeim skilyrðum sem sett eru í 12. mgr. verður fyrirtækið ekki látið njóta neinnar ávinnunar samkvæmt ákvæðum þessarar tilkynningar. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu, eftir að fallist hefur verið á skilyrta niðurfellingu sekta, að umsækjandi um niðurfellingu hafi beitt önnur fyrirtæki þvingunum verður niðurfellingin afturkölluð.

III. LÆKKUN SEKTAR

A. Skilyrði fyrir hugsanlegri lækkun sektar

- 23) Þeim fyrirtækjum, sem greina frá þátttöku sinni í meintu ólögsmætu samráði sem hefur áhrif á Evrópska efnahagssvæðinu en fullnægja ekki skilyrðum samkvæmt II. hluta hér á undan, kann að verða umbunað með lækkun sektar sem þeim hefði að öðrum kosti verið gert að greiða.
- 24) Til þess að fyrirtæki geti öðlast rétt til lækkunar sektar verður það að afhenda Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um meint brot sem fela í sér umtalsvert aukið gildi í samanburði við gögn sem stofnunin hefur þegar undir höndum, og fullnægja öllum þeim skilyrðum sem sett eru í staflíðum a)–c) í 12. mgr. hér á undan.
- 25) Hugtakið „aukið gildi“ vísar til þess að sönnunargögnin geri Eftirlitsstofnun EFTA betur í stakk búna að sanna meint ólögsmætt samráð sökum þess hvers eðlis og/eða hversu ítarlegar upplýsingarnar eru. Við mat á þessu mun stofnunin almennt líta svo á að skrifleg sönnunargögn frá þeim tíma, sem málsatvik urðu, séu meira virði en sönnunargögn sem urðu til síðar. Gögn, sem sýna fram á sekt og varða málsatvik beint, teljast að jafnaði meira virði en gögn sem varða málið aðeins óbeint. Með líkum hætti ræður það miklu um gildi gagnanna hversu mikils stuðnings er þörf úr öðrum áttum til þess að unnt sé að nota gögnin sem sönnun gegn öðrum fyrirtækjum sem eiga aðild að málinu, og því teljast gögn með afgerandi sönnunargildi meira virði en gögn á borð við yfirlýsingar sem nauðsynlegt er að staðfesta sérstaklega ef dregin eru í efa.

26) Eftirlitsstofnun EFTA mun taka fram í endanlegri ákvörðun, sem tekin er í lok málsmeðferðarinnar, hversu mikið skuli lækka sekt fyrirtækis frá því sem ella hefði verið. Að því er varðar:

- fyrsta fyrirtækið sem leggur fram gögn sem hafa umtalsvert aukið gildi: lækkun um 30–50%,
- annað fyrirtækið sem leggur fram gögn sem hafa umtalsvert aukið gildi: lækkun um 20–30%,
- önnur fyrirtæki sem leggja fram gögn sem hafa umtalsvert aukið gildi: lækkun um allt að 20%,

Í því skyni að ákvarða hversu mikil lækkunin skuli vera, innan ofangreindra marka, mun stofnunin horfa til þess hvenær gögn, sem fullnægja skilyrðum 24. mgr., komu fram og hversu mikið aukið gildi þau hafa.

Ef fyrirtæki, sem sækir um lækkun sektar, er fyrst til að leggja fram gögn með afgerandi sönnunargildi, í skilningi 25. mgr., sem Eftirlitsstofnun EFTA notar til að staðreyna frekari málsatvik sem gera brotið alvarlegra eða meira langvarandi, mun stofnunin horfa framhjá slíkum frekari málsatvikum þegar ákveðið er hversu háa sekt skuli leggja á fyrirtækið sem lagði fram gögnin.

B. Málsmeðferð

27) Fyrirtæki, sem vilja njóta lækkunar á sekt, verða að sækja um það formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA og leggja fram nægilega ítarleg gögn um meint ólöglegt samráð til þess að eiga rétt á lækkun sektar í samræmi við 24. mgr. þessarar tilkynningar. Ef fyrirtæki sendir Eftirlitsstofnun EFTA að eigin frumkvæði gögn, sem það vill að tekin verði til greina sem grundvöllur ívilnandi meðferðar samkvæmt III. hluta þessarar tilkynningar, ber að taka skýrt fram þegar gögnin eru lögð fram að þau séu hluti formlegrar umsóknar um lækkun sektar.

28) Ef óskað er mun samkeppnis- og ríkisaðstoðarskrifstofa Eftirlitsstofnunar EFTA afhenda fyrirtækinu kvittun fyrir móttöku umsóknar um niðurfellingu sekta, svo og gagna sem send eru síðar, til staðfestingar á dagsetningu umsóknarinnar, auk tímasetningar þar sem það á við. Stofnunin mun ekki taka afstöðu til umsóknar um lækkun sektar fyrr en afstaða hefur verið tekin til umsókna sem borist hafa um skilyrta niðurfellingu sekta í tengslum við sama meinta samráðsbrot.

29) Nú er bráðabirgðaniðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA á þá leið að gögn, sem fyrirtækið hefur lagt fram, feli í sér umtalsvert aukið gildi í skilningi 24. og 25. mgr., og að fyrirtækið fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 12. og 27. mgr., og tilkynnir hún fyrirtækinu þá skriflega, og eigi síðar en daginn sem andmælagreinargerð er tilkynnt, að hún hyggist beita lækkun sektar innan tiltekinna marka í samræmi við 26. mgr. Stofnunin tilkynnir fyrirtækinu einnig, og innan sömu tímamarka, ef bráðabirgðaniðurstaða hennar er á þá leið að fyrirtækið eigi ekki rétt á lækkun sektar. Stofnunin getur ákveðið að ekki skuli teknar til greina umsóknir um lækkun sekta sem koma fram eftir að andmælagreinargerðin er gefin út.

30) Eftirlitsstofnun EFTA mun meta endanlega stöðu hvers fyrirtækis sem hefur sótt um lækkun sektar við lok málsmeðferðar í hverri ákvörðun sem tekin er. Í hverri slíkri endanlegri ákvörðun mun stofnunin meta:

- a) hvort gögnin, sem fyrirtæki hefur lagt fram, hafi umtalsvert aukið gildi í samanburði við gögn sem stofnunin hafði undir höndum á sama tíma,
- b) hvort skilyrðunum, sem sett eru í staflaðum a)–c) í 12. mgr. hér á undan, hefur verið fullnægt,
- c) hversu mikillar lækkunar fyrirtæki skuli njóta innan þeirra marka sem sett eru í 26. mgr.

Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið hafi ekki fullnægt skilyrðunum, sem sett eru í 12. mgr., verður fyrirtækið ekki látið njóta neinnar ívilnunar samkvæmt ákvæðum þessarar tilkynningar.

IV. GREINARGERÐIR FÉLAGA SEM ERU GEFNAR ÚT TIL ÞESS AÐ ÖBLAST RÉTTINDI SAMKVÆMT ÞESSARI TILKYNNINGU

- 31) Greinargerð félags er yfirlit sem fyrirtæki afhendir Eftirlitsstofnun EFTA að eigin frumkvæði, eða lætur afhenda fyrir sína hönd, er tekið saman sérstaklega til afhendingar samkvæmt þessari tilkynningu og lýtur að vitneskju fyrirtækisins um ólögmeitt samráð og hlutverki þess sjálfs í því. Allar greinargerðir, sem afhentar eru stofnuninni á grundvelli þessarar tilkynningar, verða hluti af málskjöllum stofnunarinnar og er því unnt að nota þær sem sönnunargögn.
- 32) Að ósk umsækjanda getur Eftirlitsstofnun EFTA fallist á að taka við greinargerðum félaga munnlega, nema svo standi á að umsækjandi hafi þegar látið efni greinargerðarinnar uppi við utanaðkomandi aðila. Munnlegar greinargerðir félaga verða hljóðritaðar og endurritaðar í húsakynnum stofnunarinnar. Í samræmi við ákvæði 19. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól⁽⁸⁾ og 3. og 17. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól⁽⁹⁾ verður þeim fyrirtækjum, sem leggja fram munnlegar greinargerðir, gefinn kostur á að sannreyna að ekki séu tæknilegir annmarkar á upptökunni, sem verður aðgengileg í húsakynnum stofnunarinnar, og leiðréttá munnlegar greinargerðir sínar efnislega innan tiltekinna tímamarka. Fyrirtækjum er heimilt að afsala sér þessum rétti innan þessara sömu tímamarka og telst upptakan þá samþykkt frá þeim tíma að telja. Eftir að munnleg greinargerð hefur verið samþykkt með beinum eða óbeinum hætti, eða leiðréttingar á henni lagðar fram, skal fulltrúi fyrirtækisins hlusta á upptökurnar í húsakynnum stofnunarinnar og sannreyna að ekki séu tæknilegir annmarkar á endurritinu innan tiltekinna tímamarka. Ef síðastnefndu kröfunni er ekki sinnt getur það leitt til þess að fyrirtækið missi allan rétt til ívilunar samkvæmt ákvæðum þessarar tilkynningar.
- 33) Heimild til að kynna sér efni greinargerða félaga verður aðeins veitt fyrirtækjum sem fá senda andmælagreinargerð, og þá með því skilyrði að þau – svo og lögmenn sem kynna sér greinargerðirnar fyrir þeirra hönd – skuldbindi sig til að afrita hvorki með vélrænum eða rafrænum hætti upplýsingar í þeirri greinargerð félags sem aðgangur er veittur að og tryggja að upplýsingar, sem þau sækja sér í greinargerðina, verði aðeins notaðar í einhverjum þeim tilgangi sem getið er hér á eftir. Öðrum málsaðilum, svo sem kvartendum, verður ekki veitt heimild til að kynna sér greinargerðir félaga. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að forsendur fyrir slíkri sértækri vernd greinargerðar félags séu brostnar um leið og umsækjandi upplýsir þriðja aðila um efni hennar.
- 34) Í samræmi við tilkynningu um reglur um aðgang að málskjöllum Eftirlitsstofnunar EFTA í málum sem falla undir 53., 54. og 57. gr. EES-samningsins⁽¹⁰⁾ er aðgangur að málskjöllum aðeins veittur viðtakendum andmælagreinargerðar, og þá með því skilyrði að upplýsingar úr þeim megi aðeins nota í tengslum við dómsmál eða stjórnsýslumál sem varða beitingu þeirra samkeppnisreglna EES-samningsins sem málið snýr að. Séu upplýsingar af þessu tagi notaðar í öðrum tilgangi meðan á málsmeðferð stendur kann að verða litið svo á að ekki hafi verið sinnt samstarfi í skilningi 12. og 27. mgr. þessarar tilkynningar. Hafi upplýsingarnar verið notaðar á þann hátt eftir að Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út ákvörðun um að banna tiltekið athæfi getur stofnunin jafnframt beðið EFTA-dómstólinn, í tengslum við dómsmál sem er rekið fyrir þeim dómstóli, að hækka sektina sem lögð er á viðkomandi fyrirtæki. Komi til þess að upplýsingarnar séu notaðar í öðrum tilgangi, hvenær sem það yrði, með afskiptum utanaðkomandi lögmanns, getur Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt það viðkomandi lögmannafélagi með ósk um að agaviðurlögum verði beitt.
- 35) Greinargerðir félaga, sem lagðar eru fram á grundvelli þessarar tilkynningar, verða því aðeins framsendar samkeppnisyfirvöldum aðildarríkjanna í samræmi við 12. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að skilyrðum tilkynningarinnar um samstarf í EFTAneti samkeppnisyfirvalda⁽¹¹⁾ sé fullnægt að og því tilskildu að samkeppnisyfirvöldin, sem veita gögnumum viðtöku, sjái til þess að þau njóti verndar til jafns við það sem tíðkast hjá framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽⁸⁾ Eftir að samningur um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 24. september 2004 öðlaðist gildi hinn 20. maí 2005 endurspeglar II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að miklu leyti í EFTA-stoðinni efni reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002.

⁽⁹⁾ Eftir að samningur um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 3. desember 2004 öðlaðist gildi 1. júlí 2005 endurspeglar III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól efni reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB C 250, 25.10.2007, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 25.10.2007, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB C 227, 21.9.2006, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 21.9.2006, bls. 1.

V. ALMENN ÁKVÆÐI

- 36) Eftirlitsstofnun EFTA mun ekki taka afstöðu til þess hvort veita skuli skilyrta niðurfellingu sekta, né að öðru leyti til þess hvort samþykkja skuli nokkra umsókn, ef ljóst er orðið að umsóknin varðar brot sem eru fyrnd samkvæmt ákvæðum staflidar b) í 1. mgr. 25. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól um fimm ára fyrningarfrést, enda hefðu slíkar umsóknir engan tilgang.
